

172. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 20. nóvember 2024 kl. 17

Mætt voru skólanefndarmennirnir: Skúli Björn Gunnarsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir varamaður Sigrúnar Birnu Björnsdóttur, Stefán Bogi Sveinsson sem og Magnús Jónsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir sem voru á Teams. Einnig mættu áheyrnarfulltrúarnir Elín Eik Guðjónsdóttir f.h. nemenda og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Gangurinn í starfinu á haustönn
2. Framkvæmdir í mötuneyti haust 2024 og næstu skref
3. Ársreikningur ME 2023 og staðan nóv. 2024
4. Frá NME
5. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár. Fundargögn höfðu að venju verið sett inn á Teams til skoðunar fyrir fundarmenn.

1. Gangurinn í starfinu á haustönn

Skólameistari sagði frá skólastarfinu á haustönn. Ágætur gangur hefur verið í starfinu frá síðasta fundi. Miðspannarmat hefur verið fært inn og verið er að ræða við nemendur sem hafa safnað fjarvistum. Verið er að vinna með niðurstöður Skólapúlsins og starfsmenn eru að svara könnun um stofnun ársins. Útskrift verður föstudaginn 20. desember í Egilsstaðakirkju, útskriftarefni eru 14. Rithöfundalestin kemur á morgun og framboðsfundur verður síðar um daginn. Val vorannar liggur fyrir. Mannabreytingar urðu í nóvember í starfi náms- og starfsráðgjafa en að öðru leyti hafa engar breytingar orðið í starfsmannamálum frá síðasta fundi.

2. Framkvæmdir í mötuneyti haust 2024 og næstu skref

Skólameistari fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í mötuneyti sem FSRE er búið að samþykkja. Sett verður upp heitt og kalt borð og móttökunni breytt, nýjar dyr inn í uppvöskun og innréttingar endurnýjaðar. Byrjað verður upp úr 1. desember en reiknað er með að þessu verði lokið þegar skóli hefst aftur eftir jólafrí. Einnig verður farið eftir áramót í framkvæmdir við salerni í anddyri heimavistarhúsnæði og þau alveg endurnýjuð. Verið er að led-væða lýsingu eldri hluta kennsluhúsnæðis og búið er að led-væða heimavistarhúsnæðið.

3. Ársreikningur ME 2023 og staðan nóv. 2024

Skólameistari fór yfir stöðu fjármála skólans og þann ársreikning sem hann undirritaði nýverið fyrir 2023. Samkvæmt þeim ársreikningi, sem unnin er af Fjársýslu ríkisins, var rekstrarhalli ársins 2023 65 milljónir. Og skuldastaða skólans við ríkissjóð neikvæð um 185 m.kr. Skólameistari telur þessar tölur ekki gefa rétta mynd af fjárhagsstöðu skólans enda hafi Fjársýslan ekki náð að leiðrétta ákveðið misræmi fyrir árslok en þeir tóku bókhaldið yfir í nóvember. Skjal sem skólameistari sendi þeim vegna þessa var í fundargögnum. Skólameistari sagðist vonast til að allar leiðréttingar aftur í tímann komist inn í ársreikning 2024. Gert er ráð fyrir viðsnúningi í rekstri skólans á þessu ári, m.a. vegna breyttra samninga við kennara um fjarnám. Rekstrarstaðan eftir 11 mánuði árið 2024 staðfestir það. Áætlun fyrir árið 2025 sem send var til ráðuneytis er á sléttu 0 eins og gert er ráð fyrir.

Samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum skerðast framlög ríkisins um 10 ársnemendur á næsta ári, fara úr 310 í 300 sem þýðir samkvæmt reiknilíkani að skólinn fær 716,2 m.kr. í framlag Rekstur skólans mun taka mið af

Því varðandi mannahald og kennsluframboð. Sértekjukrafan er 74 milljónir sem er mjög hátt fyrir skóla af þessari stærð. Skólanefndarformaður vakti athygli á því að rekstrarframlög til skólans hafi frá 2019 hækkað um 30% en á sama tíma hafi krafa um sértekjur meira en tvöfaldast af hálfu ríkisins, sem er óraunhæft og skólinn nær aldrei að standa við.

Tekin var ágæt umræða um ógagnsæi og ófyrirsjáanleika í fjármálum þegar kemur að rekstri framhaldsskóla sem eru hluti af ríkisreikningi líkt og aðrir ríkisaðilar. Vonir standa til að nýtt fyrirkomulag með fullri þjónustu Fjársýslunnar bæti það að einhverju leyti. Þá var rætt um ósanngjarnan mun á greiðslum til skólans fyrir fjarnemendur miðað við dagskólanemendur en ME býður upp á afar gott fjarnám sem hentar mörgum vegna spennarkerfisins. Skólanefnd sammála um að fá þurfi viðurkenningu á mikilvægi fjarnáms og samræmt mat á hvernig fjarnám fer fram.

Margt fleira rætt undir þessum lið en fleira ekki bókað.

4. Frá NME

Elín Eik varaformaður NME sagði frá því sem er á döfinni í félagslífinu. Alltaf er nóg að gera þar. Haldið var halloween ball í Valaskjálfi í samstarfi við VA. Þar var rekin sjoppa og ágóði var af sölnunni. TME hélt íslenska tónleika í Valaskjálfi með framkomu yfir 20 nemenda. 1. des hátíðin verður haldin 6. des. með balli á eftir. Tilraun er núna með að hafa einn verkefnatíma í 6. blokk fyrir ákveðin félagsleg verkefni. Það er bío, spilasalur, teikning og tónlistar sing a long sem hefur mælst vel fyrir. Vonir standa til þess að nemendur verði enn virkari í félagslífinu með því að færa hluta félagslífsins inn í verkefnatíma.

Haldinn er ME bolti 1x í viku og miðvikudagssamverur í hverri viku. Í kvöld verður tónlistarpub quizz og næsta miðvikudag verður vöfflukaffi. Íþróttaviðburðir eru framundan, stelpufótbolti og áramótin.

Leiksýningin Gosi verður sett upp í vetur og leikaraprufur á döfinni. Leikstjóri hefur verið ráðinn og býr hann á svæðinu.

6. Önnur mál

- a) Skólameistari sýndi línurit sem sýnir meðal árslaun, dagvinnulaun og heildarlaun miðað við aðra skóla. ME hefur verið hæstur í grunnlaunum og er enn.
- b) Skólanefndarformaður benti á að þrjár fundargerðir kennarafunda hefðu verið í fundargögnum og væru þær lagðar fram til kynningar. Lagt til að hér eftir verði fundargerðir sérstakur liður í dagskrá til að þær gleymist ekki, en skólanefnd á að fá fundargerðir kennarafunda og skólafunda til kynningar.
- c) Formaður bað stjórnarmenn um að nýta tímann fram að næsta fundi til að fara yfir fundarsköp og verklagsreglur skólanefndar sem síðast voru uppfærðar 2018. Á fyrsta fundi nýs árs verði tekin umræða um það og hverju þurfi að bæta við til að auka formfestu í starfi skólanefndar sem hefur borið á góma á síðustu fundum.
- d) Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 29. janúar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15

Skúli Björn Gunnarsson

Magnús Jónsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Þuríður Lilly Sigurðardóttir

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Magnús Jónsson

Berglind Harpa Svavarsdóttir